



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 4. janúar 2018

### Breytingar á reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 18. desember sl. samþykkti stjórn KSÍ breytingar á reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla. Breytingartillaga á reglugerðinni, sem samþykkt var af stjórn, var unnin af mótanefnd KSÍ. Um er að ræða breytingar á grein 2.6.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

### Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla

*Fyrir samþykktar breytingar:*

#### **Grein 2.**

#### **FYRIRKOMULAG KEPPNINNAR**

2.6 Í úrslitakeppni A-deildar taka þátt 8 lið og skal leikið skv. útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik.

8 liða úrslit: L1: 1R1 – 2R2 L2: 1R2 – 2R3 L3: 1R3 – 2R4 L4: 1R4 – 2R1

Undanúrslit: L5: SL1 – SL3 L6: SL2 – SL4

Úrslitaleikur: L7: SL5 - SL6

Í undanúrslitum og 8 liða úrslitum skal leikið á heimavelli þess liðs sem talið er upp á undan. Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.

*Eftir samþykktar breytingar:*

#### **Grein 2.**

#### **FYRIRKOMULAG KEPPNINNAR**

2.6 Í úrslitakeppni A-deildar taka þátt 4 lið; 1R1, 1R2, 1R3 og 1R4.

Í undanúrslitum mætast: 1R1–1R3 og 1R2–1R4 og skal leikið á heimavelli þess félags sem er með betri árangur í riðlakeppni mótsins.

Sigurvegarar í undanúrslitum leika til úrslita í A-deild.

Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.


---

## Samantekt

Breytingar þessar gera ráð fyrir nýju fyrirkomulagi í úrslitakeppni A-deildar í deildarbikarkeppni karla. Áður gerði reglugerðin ráð fyrir að átta lið tækju þátt í úrslitakeppni A-deildar. Eftir samþykktar breytingar munu fjögur lið taka þátt í úrslitakeppni A-deildar. Þau fjögur lið sem enda í efsta sæti í hverjum riðli, R1, R2, R3 og R4, leika í undanúrslitum. Sigurvegarar í undanúrslitum A-deildar leika til úrslita. Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.

---

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,  
lögfræðingur hjá KSÍ.